

## REGLUGERÐ

### um (6.) breytingu á reglugerð nr. 221/2001, um bólusetningar á Íslandi.

#### 1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Bólusetningum barna er ætlað að verja börn gegn alvarlegum smitsjúkdómum. Bólusetningar sem sóttvarnalæknir skipuleggur samkvæmt viðauka skulu vera börnum með lögheimili hér á landi þeim að kostnaðarlausu. Greiðsluhlutdeild fyrir aðrar bólusetningar barna skal fylgja lögum og reglugerðum um sjúkratryggingar.

#### 2. gr.

Við reglugerðina bætist nýr viðauki sem birtur er með reglugerð þessari.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 18. gr., sbr. 17. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997, öðlast gildi frá og með 1. janúar 2024.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 15. desember 2023.*

**Willum Þór Þórsson.**

*Ásthildur Knútsdóttir.*

### VIÐAUKI

Bólusetningar sem sóttvarnalæknir skipuleggur og eru án endurgjalds, sbr. 2. gr.

Aldur við bólusetningu	Innihald	Heiti bóluefnis
3, 5 og 12 mánaða	DTaP, Hib, IPV	Pentavac
3, 5 og 12 mánaða	PCV	Vaxneuvance
12 mánaða	MenACWY	MenQuadfi
18 mánaða og 2,5 árs	VZV	Varilrix
18 mánaða og 12 ára	MMR	M-M-RVAXPRO
4 ára	dTaP	Boostrix
12 ára og 12,5 ára	HPV	Gardasil 9
14 ára	dTaP, IPV	Repevax